

243. fundur háskólaráðs Háskólans á Akureyri þann 29. maí 2006.

Þorsteinn Gunnarsson setti fund kl. 9:00.

Mættir voru auk hans:

Anna Þóra Baldursdóttir fulltrúi kennara
Ingibjörg Elíasdóttir fulltrúi kennara
Baldur Guðnason fulltrúi menntamálaráðherra á símafundi frá 9:30–10:15 og frá 13:00–14:45

Fjarverandi:

Kristján Sturluson fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Laufey Sigurðardóttir ritari rektors
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri
Úlfar Hauksson forstöðumaður fjármála frá kl. 13:00.

Gestir: Eyjólfur Guðmundsson deildarforseti
Bjarni Jónasson forstöðumaður
Guðmundur Heiðar Frímansson deildarforseti
Hermann Óskarsson deildarforseti
Hjörleifur Einarsson prófessor
Jóna Jónsdóttir forstöðumaður
Laufey Petrea Magnúsdóttir forstöðumaður
Pétur Leifsson lektor
Þóroddur Bjarnason prófessor

Rektor setti fund og kynnti dagskrá.

1. Fundargerð 242. fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Stefnumótun fyrir Háskólann á Akureyri

Fyrri hluta dags var fjallað um stefnumótun háskólans.

Fulltrúar í verkefnisstjórn um stefnumótun háskólans mættu á fundinn og gerðu Jóna Jónsdóttir og Bjarni Jónasson grein fyrir skýrslu IMG þar sem fram koma niðurstöður eftir fundi með rýnihópum. Þau lögðu fram drög verkefnisstjórnar að stefnumótun HA 2006–2010 sem farið var í gegnum lið fyrir lið og talsverðar breytingar gerðar. Ákveðið var að á tímabilinu 30. maí – 16. júní verði drög að stefnumótun kynnt fyrir deildum og sviðum háskólans. Stýrihópur yfirfari athugasemdir 16.–22. júní og sendi háskólaráði. Háskólaráð hafi stefnudrögin til skoðunar og afgreiðslu 22.–29. júní. Síðari áfangi aðgerðaáætlunar fyrir stefnumótun verður lagður fyrir háskólaráð í október nk.

Í stýrihópi um stefnumótun háskólans sitja Þorsteinn Gunnarsson, jafnframt formaður, Ólafur Halldórsson, Eyjólfur Guðmundsson, Guðmundur Heiðar Frímansson og Laufey Petrea Magnúsdóttir. Með hópnum starfa Bjarni Jónasson og Jóna Jónsdóttir.

Hjörleifur Einarsson formaður vinnuhóps um gæðastjórnun og Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri komu inn á fundinn. Hjörleifur gerði grein fyrir tillögum vinnuhópsins. Háskólaráð lýsti ánægju sinni með tillögurnar og vísaði þeim til verkefnisstjórnar um stefnumótun til úrvinnslu og innleiðingar í samráði við vinnuhóp um gæðastjórnun og gæðaráð. Í vinnuhópi um gæðastjórnun sitja, auk Hjörleifs og Sigrúnar, Laufey Petrea Magnúsdóttir, Stefán Jóhannsson og Þórleifur S. Björnsson.

3. Skipulag viðskipta- og raunvísindadeildar

Eyjólfur Guðmundsson gerði grein fyrir skipuriti og námskrá nýrrar viðskipta- og raunvísindadeildar. Hann lagði fram þrjár tillögur, í fyrsta lagi tillögu að skipuriti deildarinnar, í öðru lagi námskrá deildarinnar fyrir nemendur sem munu innritast haustið 2006 og síðar og í þriðja lagi að nýja deildin taki til starfa frá og með 1. júní 2006. Háskólaráð samþykkti tillögurnar.

Ingibjörg Elíasdóttir vék af fundi meðan afgreiðsla fór fram.

4. **Rekstraryfirlit janúar – apríl 2006**

Úlfar gerði grein fyrir rekstraryfirliti janúar – apríl. Rekstrarkostnaður kennsludeilda og stoðþjónustu er um 326,3 m.kr. (32,77% af áætlun ársins) þar af 193,1 m.kr. vegna kennsludeilda.

Ólafur gerði grein fyrir sparnaðaraðgerðum sem ráðist hefur verið í og eru framundan. Á árinu 2005 skiluðu aðgerðir 17,0 m.kr. og er áætlað að þær muni skila 38,0 m.kr. á þessu ári. Áætlaður sparnaður á árinu 2007 er allt að 60,0 m.kr. miðað við 2006.

5. **Skipulag háskólaskrifstofu**

Ólafur kynnti tillögur að nýju skipuriti háskólans.

Eftir allnokkrar umræður og breytingatillögur var skipuritið samþykkt (Fskj. 1) og eftirfarandi fært til bókar:

Í framhaldi af fyrri ákvörðun háskólaráðs 10. nóvember 2005 um að stjórnslu- og þjónustueiningum verði fækkað úr sex í eina háskólaskrifstofu samþykkir háskólaráð meðfylgjandi skipurit fyrir skrifstofuna. Háskólaskrifstofan skiptist í fimm starfseiningar; fjármála- starfsmanna- og rekstrarsvið, kennslusvið, markaðs- og kynningarsvið, RHA Rannsókn- og þróunarmiðstöð og upplýsingasvið. Framkvæmdastjóri háskólans stýrir starfsemi háskólaskrifstofunnar. Rektor og framkvæmdastjóra er falið að gera tillögur að breytingum á reglum háskólans í samræmi við samþykkt skipulag og leggja fyrir fund háskólaráðs eigi síðar en í ágúst nk. Samþykkt þessi tekur gildi 1. júní 2006.

Baldur yfirgaf fund.

6. **Undirbúningur að endurskipulagningu deilda**

Frestað.

7. **Reglur um viðbrögð við ritstuldi**

Pétur Leifsson formaður vinnuhóps um viðbrögð við ritstuldi kynnti tillögur vinnuhópsins. Tillögurnar taka til verklagsreglna varðandi ritstuld nemenda sem upp getur komið í ritgerðum og annarri sambærilegri verkefnavinnu auk staðlaðs forms fyrir kvartanir vegna meints ritstuldar. Í vinnuhópnum áttu sæti, auk Péturs, Andrew Brooks, Oddur Vilhelmsson og Sigrún Sveinbjörnsdóttir.

Háskólaráð þakkaði nefndinni fyrir gott starf. Reglurnar voru samþykktar með smávægilegum breytingum.

8. **Samningur milli HA og LSH**

Hermann Óskarsson kynnti lokadrög samnings við Landspítala-háskólasjúkrahús um klíniska kennslu og leiðsögn nemenda er stunda nám við heilbrigðisdeild og um rannsóknir á heilbrigðisviði. Áætlað er að undirrita samninginn 7. júní nk.

Háskólaráð samþykkti samningsdrögin.

9. **Rannsóknamiðstöð forvarna**

Þóroddur Bjarnason kynnti hugmyndir að stofnun Rannsóknamiðstöðvar forvarna við HA sem ætlað væri að efla rannsóknastarf á sviði forvarna.

Afgreiðsu var frestað til næsta fundar.

10. **Ársreikningur 2005**

Frestað.

11. **Önnur mál**

11.1 Lagt var fram bréf frá nýkjörnum formanni FSHA, Baldvini Esra Einarssyni, þar sem tilkynnt er kjör fulltrúa nemenda í háskólaráð skólaárið 2006-2007. Hjálmar Stefán Brynjólfsson nemandi í félagsvísinda- og lagadeild var kjörinn aðalfulltrúi og Rebekka Ingadóttir, heilbrigðisdeild til vara.

11.2 Lagt var fram bréf frá nemendafélagi laganema við félagsvísinda- og lagadeild þar sem óskað er eftir að stúdentar í í lögræði fái að taka þátt í umræðum og framkvæmd í tengslum við sameiningu deilda innan háskólans.

11.3 Lögð var fram umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Vísinda- og tækniráð.

11.4 Lagt var fram bréf frá Fræðsluneti Austurlands þar sem óskað er eftir að Háskólinn á Akureyri gerist stofnaðili að Þekkingarneti Austurlands. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

11.5 Lagt var fram bréf frá deildarforseta kennaradeildar þar sem óskað er eftir að háskólaráð staðfesti inntökureglur fyrir grunnbrautir samþykktar af deildarráði kennaradeildar 17. maí sl. Háskólaráð samþykkti reglurnar að undanskildri 4. gr. þeirra sem felld var út.

11.6 Anna Þóra spurðist fyrir um hvort einhverjar hindranir eða tafir væru varðandi stofnun orkuskóla sem sagt var frá á fundi ráðsins 20. mars sl. Rektor sagði svo ekki vera.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 17:00.

